








Niðurstöður úr broskarlamati í Hulduheimum desember 2017.

Tveir elstu árgangar tóku þátt í matinu, alls 56 börn.







Elsti árgangur var í Art tímum á haustönn og svöruðu flest börnin eða 80 % að þeim liði vel eða sæmilega í Art.

Börnin voru spurð hvort þau ættu vini í leikskólanum og voru beðin að nefna þá. Öll börnin segjast eiga vini í leikskólanum.

Langflest börnin telja sig vera góð í einhverju og nefna ýmsa hluti, allt frá því að vera góður í ýmsum listum og leikjum til þess að vera góður vinur og að biðja fallega.

Börnin voru spurð hvort þau fengju hrós annars vegar frá kennurum og hins vegar frá vinum sínum. Fleiri börn segjast fá hrós frá kennara en vinum en þó svara langflest að þau fái hrós bæði frá kennurum og vinum. Sum börnin skildu ekki hvað hrós er og var það tilefni til að útskýringa.

Þegar börnin voru spurð hverju þau fengju að ráða í leikskólanum voru ýmis svör s.s. að ráða hvaða leiki þau færu í, hvað þau borða og fleira. Nánast allir nefna eitthvað sem þau fá að ráða en nokkur segjast engu ráða.

Börnin voru að lokum spurð hvort þau vildu breyta einhverju í leikskólanum og komu ýmsar tillögur, raunhæfar og óraunhæfar ☺ en hver deild vannur úr þeim sem og matsniðurstöðum fyrir sína deild.